

2. gr.

Öryggisbúnaður við línu- og netaspil.

Á ný fiskiskip, sem búin eru línuspili til línu og/eða netaveiða, skal settur sérstakur öryggisbúnaður, þannig að festist maður í spilinu komist hann ekki hjá að snerta arm, sem samstundist stöðvar það. Enn fremur skal stjórnloki slíkra spila vera þannig, að handfang lokans snýr annað hvort beint upp eða beint aftur, þegar hann er lokaður, enn fremur að ekki þurfi að snúa handfanginu nema 90° til hvorrar handar eftir því hvernig spilinu er ætlað að snúast hverju sinni.

Gildir þetta einnig um eldri skip, eftir því sem frekast er fært, og ávallt, ef endurnýjuð eru línuspil eða kerfi breytt.

Brot á reglum þessum varða sektum.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. desember 1973.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 383.

27. desember 1973.

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1974.

Árið 1974 skulu iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 25. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar vera kr. 180.00 fyrir hverja tryggingaviku.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.